

JARÐFRÆÐAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 1992–1993,
flutt á 28. aðalfundi félagsins, í Odda hinn 25. maí 1993.

Á liðnu starfsári voru haldnir 10 stjórnarfundir og gefin út 6 fréttabréf. Einnig kom út hefti með ágrípum á vorráðstefnu félagsins. Hér verður nú gerð grein fyrir helstu atriðum í starfsemi félagsins á liðnu ári.

FÉLAGSSTARF

FRÆDSLUFUNDIR

Fjórir fræðslufundir hafa verið haldnir í vetur, og fimmta erindið verður haldið hér í kvöld að loknum venjulegum aðalfundarstörfum. Allir fundirnir voru haldnir í stofu 101 í Odda. Fyrsti fræðslufundurinn var 25. nóvember. Þá flutti Roger Buck jarðeðlisfræðingur erindi sem hann nefndi *Tectonics on Venus*. Hann fjallaði um samband landslags og þyngdarsviðs reikistjörnnunar, og byggði hugleiðingar sínar á nýlegum rannsóknum bandarísku geimvísindastofnunarinnar. Erindið var fjölsótt, milli 40 og 50 manns, og þótti afar fróðlegt. Annar fræðslufundurinn var 27. janúar. Þar flutti Ágúst Guðmundsson jarðfræðingur erindi um *urðarjökla og berghlaup* og var það einnig vel sótt, rúmlega 30 manns. Ágúst sýndi mikið af ljósmyndum og gerði grein fyrir þeirri skoðun sinni, að stór hluti þess sem vant er að kalla berghlaup sé í raun fornir urðarjökklar. Ekki voru menn á eitt sáttnir um þessa kenningu. Þriðji fræðslufundurinn var haldinn 26. febrúar og þá flutti Lúðvík Gústafsson erindi um *jarðfræði Austfjarða norðan Seyðisfjarðar*. Vegna þrængsla á stundaskrá Odda var gerð sú tilraun að flytja erindið á föstudagskvöldi og hafa margir orðið til að skamma okkur fyrir uppátækið. Fundinn sóttu að vísu um 20 manns, en sýnt þótti að mæting hefði orðið betri á skikkanlegri fundardegi. Lúðvík brást ekki þeim sem mættu og flutti skemmtilegt erindi prýtt með ágætum ljósmyndum. Fjórða fræðsluerindið flutti Patricia Turner jarðfræðingur þann 22. mars og talaði um

jarðfræði Skærgaardsinnskotsins, einkum með tilliti til dýrra málma. Um 30 manns sóttu þetta erindi. Erindið var vel flutt og fróðlegt, ekki síst fyrir þá sem eru að huga að málmum í basískum innskotum á Íslandi. Fimmta og síðasta fræðsluerindi vetrarins mun Elsa G. Vilmundardóttir jarðfræðingur flytja hér á eftir og fjallar það um *síðkvarter eldstöðvakerfi á miðhálandinu*. Auk þessara funda átti JFÍ þátt í að boða tvo fræðslufundi. Sá fyrri var haldinn að frumkvæði Orkustofnunar 1. júlí 1992. Þar fluttu tveir erlendir gestir fyrirlestra á sviði jarðhitamála. Fyrri fyrirlesturinn nefndist *Sustainable development* og var fluttur af Bill Fyfe. Hinn síðari hét *Biominalization and biocorrosion* og var fluttur af Grant Ferris. Síðari fundurinn var haldinn 8. mars 1993 að frumkvæði Jarðtæknifélagsins í samvinnu við byggingaverkfræðideild Verkfræðingafélags Íslands. Þar flutti Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur erindi sem hann nefndi *Áhrif jarðfræðiafla á byggð og búsetu*.

JÓLAFUNDUR

Jólafundur var að venju haldinn í Skólabað og fjallað um atvinnumál jarðfræðinga vítt og breitt, en þó mest um *störf utan ríkisstofnana*. Frummælendur á fundinum voru Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur og jarðfræðingarnir Ágúst Guðmundsson og Sigmundur Einarsson. Fundinn sóttu á þriðja tug félagsmanna. Milli framsöguerindanna og eftir þau urðu miklar umræður um jarðfræði "bransann", útgáfumál, jarðfræðikennslu á öllum skólastigum og ýmislegt fleira skemmtilegt.

VORRÁÐSTEFNA

Hin árlega vorráðstefna Jarðfræðafélagsins var haldin þann 20. apríl í Norræna húsinu. Fyrir hádegi

voru flutt 4 erindi sem öll snertu *Auðæfi á hafsbotni*, en eftir hádegi var veggspjaldasýning í sýningarsalnum í kjallara hússins með um 35 erindum. Þátttaka í ráðstefnunni var ágæt, yfir 100 manns létu sjá sig og fjölmiðlar veittu henni einnig nokkra athygli. Meðal þeirra sem töluðu á morgunfundinum var yfirmaður jarðfræðideildar Shell International í Haag, David M. Loftus. Hann kom hingað til lands til þess að flytja þetta erindi í boði olufélagsins Skeljungshf. og kunn- um við þeim Skeljungsmönnum bestu þakkir fyrir vel- vildina.

ÁHUGAHÓPUR

Loks er að geta starfsemi sérstaks áhugahóps um djúpperð Íslands sem hafur haldið regluleg málþing í vetur, alls 7 sinnum. Þátttaka hefur verið mjög góð, frá 20 til 40 manns á hverjum fundi, og þetta umræðuform hefur þótt takast nokkuð vel. Það er von okkar að fleiri taki sig til og reki svona áhugahópa um sérstök málefni undir merkjum Jarðfræðafélagsins.

ORÐANEFND

Orðanefnd Jarðfræðafélagsins situr óbreytt frá fyrri árum, en formaður hennar er Jón Eiríksson. Nefndin hyggst á næstunni senda félagsmönnum JFÍ fyrsta skammtinn úr orðabelgnum: 50 orð sem varða eldfjöll og eldfjallafræði. Í haust er von á orðalista um jarðlagfræði og höggun, og því næst kemur röðin að jöklafræði. Alls hefur nefndin á fundum sínum fjallað um skilgreiningar á rúmlega 300 orðum.

RITNEFND JÖKULS

Leó Kristjánsson hefur setið í ritnefnd Jökuls fyrir hönd Jarðfræðafélagsins og verður svo enn um sinn.

Af ýmsum ástæðum hefur útkomu ritsins seinkað, en von er á 1991 heftinu nú í sumar og 1992 ekki alltof löngu síðar. Auk Leós hafa þau Bryndís Brandsdóttir og Helgi Björnsson lagt hér hönd á plóg.

SIGURÐARSJÓÐUR

Af Sigurðarsjóði er lítið að fréttu annað en að fjár- hagsstaða hans er nokkuð góð. Höfuðstóllinn var í haust ríflega ein milljón króna og vextir tæplega tvö hundruð þúsund krónur. Stjórn sjóðsins hefur komið einu sinni formlega saman á starfsárinu. Nú má telja tímabært að hugsa sér til hreyfings, og mun stjórnin bjóða hingað fyrirlesara næsta vetur.

STJÓRN FÉLAGSINS

Í stjórn Jarðfræðafélagsins síðastliðið ár sátu auk formanns þau Hjalti Franzson, Gestur Gíslason, Guðrún Larsen og Guðrún Sverrisdóttir. Gestur og Hjalti ganga nú úr stjórninni og vil ég nota tækifærið til að þakka þeim fyrir samstarfið. Ég vil sérstaklega geta þess að Hjalti hefur gegnt störfum gjaldkera bæði ár- in sem hann hefur setið í stjórninni og farist það vel úr hendi. Endurskoðendur félagsins eru þeir Þórólfur Hafstað og Ásgrímur Guðmundsson.

NÝIR FÉLAGAR

Á síðasta aðalfundi bættust þrír meðlimir í félagið og voru félagar þar með orðnir 203, samkvæmt nýjustu talningu. Fyrir þessum fundi liggja síðan 6 umsóknir.

Freyr Þórarinsson